

N O R Ð F I R Ð I N G U R \_ \_ \_

Fréttablað Norðfirðingafélagsins

1. tölublað 1981 5.árgangur.

---

G Ó U K A F F I

Norðfirðingafélagsins verður

haldið á hótél Sögu, Lækjar-

hvammi sunnudaginn 1. mars

1981 kl. 15:00.

Verð kr. 35,00

Aðalfundur félagsins verður

haldinn í lok kaffisins.

1. Venjuleg aðalfundarstörf.

2. Önnur mál.

-----  
Viðtakandi:

Góukaffi verður sunnudaginn  
1. mars kl. 15,00. Kemur það  
í stað sólarkaffisins, sem hefur  
verið haldið undanfarin ár um  
mánaðarmótin janúar/febrúar.  
Stafar þessi seinkun af húsnæðis-  
skorti.

Anna í Vík hefur lofað að lesa  
fyrir okkur einhverja skemmti-  
lega sögu. Auk þess mun ljós-  
myndasafnið okkar góða liggja  
frammi og geta gestir skoðað  
það og rifjað upp gamlar og  
góðar minningar og borið saman  
við þróun og hinar ýmsu breyt-  
ingar bæjarins okkar.

Aðaltilgangurinn er nú samt sá  
að fólk hittist og spjalli saman  
yfir kaffibolla. Þessi samkoma  
hefur verið allvel sótt undanfarin

ár og vonandi verður svo einnig á góukaffinu.

Árshátíðina er fyrirhugað að halda laugardaginn 28. mars 1981 í félagsheimili Seltjarnarness. Nánari tilhögun árshátíðarinnar er ekki að fullu frágengin.

Ekki er ólíklegt að horfið verði frá hinu hefðbundna dagskrárformi og einhverjar breytingar gerðar í þeim tilgangi að halda miðaverði sem lágstu. Ef félagsmenn luma á einhverjum tillögum eða góðum hugmyndum er upplagt að koma þeim á framfæri við einhverja stjórnarmeðlimi. Árshátíðin verður tilkynnt í öðrum Norðfirðing síðar.

Félagsstarfið.

Nú er svo komið að starf félagsstjórnar snýst eingöngu um árs-  
hátíð og sólarkaffi. Aðalfundir  
sem í eina tíð voru fjölsóttir  
skemmtifundir hafa nú lagst niður  
og er það miður.

Aðalfundur sem halda átti í nóv-  
ember sl. verður haldinn á góu-  
kaffinu. Verða þar lagðir fram  
reikningar félagsins og skýrsla  
stjórnar. Ennfremur verður kosið  
í stjórn.

MUNIÐ GÓUKAFFIÐ 1. MARS.

---

NORÐFIRÐINGUR.

Útgefandi : Norðfirðingafélagið

Efstalandi 6, 108 R.

Ritstjóri : Friðrik Guðmundsson.